



Skipulags- og byggingardeild Kópavogs
Digranesi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 1. september 2025

Efni: Umsögn Veitna vegna breyttu deiliskipulagi fyrir Smiðjuveg 7

Mál: 1021/2025

Veitur hafa fengið til umsagnar deiliskipulagsbreytingu fyrir Smiðjuveg 7. Í breytingunni felst 1.485,1 m² viðbygging við núverandi húsnæði á lóðinni til norðvesturs. Viðbyggingin mun vera á einni hæð auk kjallara. Þak á fyrirhugaðri viðbyggingu verður í sömu hæð og þak núverandi byggingar. Einnig er fyrirhugað að byggja 35m² viðbyggingu á einni hæð við austurgafli hússins. Núverandi bílastæði á vestur hluta lóðar færast niður í hluta af kjallaranum en þar er gert ráð fyrir um 14 bílastæðum í opnu kjallarárými.

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og vilja benda á að lágspennulagnir og heimagnir fyrir Smiðjuveg 5 og 5a liggja meðfram vesturhlíð á nýjum byggingarreit. Einnig er heimlögn fyrir húsið sjálft innan byggingarreitsins. Mikilvægt er að færslu þessara lagna sé lokið áður en framkvæmdir hefjast.

Veitur leggja áherslu á gott samráð við undirbúning framkvæmda og færslu rafmagnslagna, og gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026